


Umhverfisstofnun
Áb. <i>BS</i>
27 APR. 2005
<i>54.55</i>
Tilv. UST20050300123



Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

(+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 2005
Tilvísun: UST20050300123/bs

Sjóvarnir við Kasttanga, Kasttanga-Grund, við Hlið, sunnan sjómerkis Akrakoti og við vesturhluta Helguvíkur í sveitarféluginu Álfanesi. Tilkynning um matsskyldu

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. mars sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindra framkvæmda.

Fyrirhuguð framkvæmdasvæði eru öll innan svæðis nr. 117 á náttúruminjaskrá, auk þess sem Hlið er friðlýst sem fólkvangur.

Kasttangi: Gerð verður landbrotsvörn frá núverandi sjóvörn og mun hún ná um norðanverða Breiðabólsstaðareyri suður að fyrirhugaðri smábátabryggju við Seiluna. Sjóvörnin mun koma í efsta hluta fjörunnar og leggur Umhverfisstofnun áherslu á að við gerð sjóvarna á norðanverðu Álfanesi verði þess gætt að sjóvarnirnar hindri ekki umferð fólks um fjöruna né torveldi aðgang að fjörunni þar sem möguleikar eru til útvistar neðan sjóvarna. Umhverfisstofnun telur ekki ásættanlegt að á Breiðabólstaðareyri sé haugsettur byggingaúrgangur.

Kasttangi-Grund/Sunnan við sjómerki Akrakoti: Hér er um að ræða endurbyggingu sjóvarna sem fyrir eru á þessum stöðum. Umhverfisstofnun telur að ef kostur er ætti ekki að raska frekar sandfjöru neðan núverandi sjóvarna.

Við vesturhluta Helguvíkur: Tenging milli sjóvarna neðan við Haukshús. Sjóvarnir eru á þessum stað ofan þangfjöru. Fjaran er mjó á þessu svæði og takmarkað svæði til útvistar neðan sjóvarna. Talsverðar garðaleifar á og við fyrirhugað framkvæmdarsvæði.

Bærinn Hlið: Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er innan friðlýsts fólvangs sbr. auglýsingur nr. 549/2002. Bygging og viðhald sjóvarnargarða á vegum sveitarfélagsins og Siglingastofnunar er heimil samkvæmt reglum um fólkvanginn. Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir þessa heimild ætti gerð og hönnun sjóvarnar á þesum stað að taka mið af eftirfarandi þáttum: Gildi fjörunnar vegna fuglalífs, sem útvistarsvæðis og vegna hugsanlegra menningarminja í fjörunni. Einnig þarf að tryggja gott aðgengi að fjörunni. Huga ætti að því hvort varðveislugildi þeirra húsa sem fyrir eru réttlæti eitt og sér gerð sjóvarnar og hvernig sjóvörnin nýtist best mannvirkjum sem hugsanlega verða byggð á þessu svæði í stað þeirra

U S T

húsa sem nú standa innan ólkvangsins.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun mun ekki gefa umsögn um sjóvörn við Hlið meðan ekki liggja fyrir hugmyndir um gerð sjóvarna innan fólkvangsins að teknu tilliti til þeirra þátta sem nefndir eru hér að framan. Hvað aðrar ofangreindar sjóvarnir varðar telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að þær muni spilla lífríki fjörunnar né hindra útivist þar sem slíkt er á annað borð mögulegt. Því telur stofnunin ólíklegt að sjóvarnir við Kasttanga, Akrakot og Helguvík muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Björn Stefansson



Helgi Jansson
Forstöðumaður